

## FUNDARGERÐ

233. stjórnarfundur Ríkisútvarpsins ohf.

haldinn í Efstaleiti 1, 103 Reykjavík, 29. september 2021 og hófst kl. 16:15.

Mætt voru stjórnarmennirnir Jóhanna Hreiðarsdóttir, Jón Ólafsson, Björn Ólafsson, Mörður Árnason, Mörður Áslaugarson, Guðlaugur G. Sverrisson og Marta Guðrún Jóhannesdóttir. Ragnheiður Elín Árnadóttir og Jón Jónsson, sem kom inn á fundinn í fjarveru Brynjólfs Stefánssonar, sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað. Einnig sátu fundinn Hrafnhildur Halldórsdóttir áheyrnarfulltrúi, Stefán Eiríksson útvarpsstjóri, Anna Bjarney Sigurðardóttir framkvæmdarstjóri fjármála, og Margrét Magnúsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð. Gestir fundarins voru Birgir Sigfússon, Hildur Sigurðardóttir og Bragi Reynisson.

### 1) Fundargerð

Fundargerðir 229., 230. og 231. stjórnarfundar voru samþykktar.

### 2) Fjármál

Framkvæmdastjóri fjármála kynnti afkomu RÚV í ágúst. Tekjur voru 4 m.kr. undir áætlun vegna minni auglýsingasölu. Rekstur deilda var 8,3 m.kr. yfir áætlun, afskriftir 1,2 m.kr. undir áætlun og fjármagnsliðir 18 m.kr. yfir áætlun vegna óhagstæðrar gengisþróunar. Niðurstaða rekstrar í ágúst var 41 m.kr. hagnaður, sbr. 72 m.kr. hagnaði sem áætlaður var. Reksturinn eftir fyrstu átta mánuði ársins sé jákvæður, hagnaður sé 138 m.kr. en rekstraráætlun hafði gert ráð fyrir 82 m.kr. hagnaði. Sala auglýsinga hafi gengið vel og fjármagnskostnaður sé einnig lægri en áætlað var en rekstur deilda sé umfram áætlun á sama tíma.

Pá var farið yfir samstæðuuppgjörið og færslur milli móðurfélagsins RÚV ohf. og dótturfélagsins RÚV Sölu ehf., en öll viðskipti milli félaganna byggja á rekstrarsamningi.

Farið var yfir horfur varðandi afkomu ársins, en auglýsingasala í september hafi gangið betur en áætlað var en ljóst sé að aukinn kostnaður vegna viðhalds á Útvarphúsinu verður mun meiri en gert hafi ráð fyrir. Miðað við þær forsendur sem nú liggja fyrir sé gert ráð fyrir um 20-30 m.kr. hagnaði af rekstri RÚV á árinu.

Björn Ólafsson óskaði eftir upplýsingum á næsta stjórnarfundum um skuldbindingar RÚV í erlendri mynt og hvaða gengisáættu af henni hlýst.

### 3) Minnisblað útvarpsstjóra

Útvarpsstjóri upplýsti stjórn að ný jafnréttisáætlun hafi verið staðfest af Jafnréttisstofu. Þá sé stefnumótunarvinnan samkvæmt áætlun. Starfsmannakönnun sé í gangi og könnun á meðal hagaðila. Ábendingargátt út í samfélagið verði svo opnuð von bráðar.

Útvarpsstjóri fór vel yfir kosningaumfjöllunina og hvernig henni var háttað. Stjórnin ræddi mikilvægi afmarkaðra málefnaumræðu í aðdraganda kosninga.

### 4) Kynningar framkvæmdarstjóra

Kynning framkvæmdarstjóra á starfsáætlunum næsta árs. Birgir Sigfússon og Gísli Berg kynntu starfsáætlun framleiðsluviðs. Anna Bjarney Sigurðardóttir, Hildur Sigurðardóttir og Bragi Reynisson kynntu starfsáætlun sviðs fjármála, mannauðs og tækni. Margrét Magnúsdóttir kynnti starfsáætlun skrifstofu útvarpsstjóra.

### 5) Önnur mál

Mörður Áslaugarson óskaði eftir að upplýsingatækniöryggi RÚV verði rædd á næsta stjórnarfundum.

Fundi slitið.

*Marta Guðrún Jóhannesdóttir*  
*Jóhanna Hreiðarsdóttir*  
*Jón Ólafsson*  
*Björn Ólafsson*  
*Mörður Árnason*  
*Mörður Áslaugarson*  
*Guðlaugur G. Sverrisson*  
*Ragnheiður Elín Árnadóttir*  
*Jón Jónsson*  
*Brynjólfur Stefánsson*  
*Hrafnhildur Halldórsdóttir*  
*Stefán Eiríksson*  
*Anna Bjarney Sigurðardóttir*  
*Margrét Magnúsdóttir*  
*Birgir Sigfússon*  
*Hildur Sigurðardóttir*  
*Bragi Reynisson*